



BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengi hunda og aðstöðu hundaeigenda - R19110390

Bréf: t-póstur

Málsnúmer: 2019120010

Málalyklar: 25.1.1 Hundahald - gæludýrahald - Leyfi

Eigandi skjals: Anna María Arnardóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 02.12.2019

Dagsetning skjals: 02.12.2019

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Notandi: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Dagsetning: 2.12.2019 14:47:05

Til: "USK Þjónustu netfang" <usk@reykjavik.is>

Efni: Fw: BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengi hunda og aðstöðu hundaeigenda - R19110390

Tilvísun í mál: R19110390

Sæl

Meðfylgjandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengi hunda og aðstöðu hundaeigenda er send umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar. Borgarráði skulu berast upplýsingar um vinnslu málsins um leið og þær berast. Sömuleiðis skal upplýsa borgarráð ef ófyrirsjáanlegar tafir verða á vinnslu málsins.

Kveðja,

Ólöf Magnúsdóttir

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhús Reykjavíkur

s. 411 4703

olof.magnusdottir@reykjavik.is

R19110390

BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengi hunda og aðstöðu hundaeigenda - R19110390

BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengi hunda og aðstöðu hundaeigenda - R19110390

Flokkur fólksins leggur til að Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að því að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fái undanþágu frá reglugerð um hollustuhætti og að samþykkt um hundahald verði endurskoðuð. Farið verði fram á undanþágu frá reglugerðinni um: 1. Að gæludýr hafi aðgang að kaffihúsum með eigendum sínum þar sem rekstraraðilar leyfa. 2. Gæludýr hafi aðgang að verslunarmiðstöðum nema annað sé tekið fram. Einnig er lagt til að hundaleyfisgjaldið verði nýtt til að bæta aðstöðu fyrir hundaeigendur í borginni. Gjaldið er nú

notað til að greiða niður starfsemi hundaeftirlits borgarinnar.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur við tillögu áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um aðgengi hunda og aðstöðu hundeigenda – R19110390 sem lögð var fram í borgarráði 28. nóvember 2019:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið tillöguna til skoðunar. Í tillögunni er lagt til að Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að því að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur (umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkurborgar) fái undanþágu frá reglugerð um hollustuhætti (rg. nr. 941/2002) og að samþykkt um hundahald verði endurskoðuð.

Í upphafi telur HER rétt að nefna að reglugerð um hollustuhætti, eins og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur fyrst og fremst það markmið að tryggja landsmönnum heilnæm lífsskilyrði með heilnæmu, ómengðu og öruggu umhverfi. Þá ber að beina umsókn um undanþágu frá reglugerð um hollustuhætti til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sbr. 74. gr. reglugerðarinnar. Ráðuneytið myndi svo leita eftir umsögn viðkomandi heilbrigðisnefndar og Umhverfisstofnunar.

Í tillögunni lið 1. kemur fram að undanþágan eigi að taka til aðgangs gæludýra að kaffihúsum með eigendum sínum þar sem rekstaraðilar leyfa. Í dag er þegar heimild fyrir rekstraraðila veitingastaða þ.á.m. kaffihúsa að heimila aðgang hunda og katta að uppfylltum skilyrðum sbr. breytingu á reglugerð um hollustuhætti nr. 905/2017. Í 2. lið tillögunnar er lagt til að gæludýr hafi aðgang að verslunarmiðstöðvum. Verslunarmiðstöðvar eru starfsleyfisskyldar skv. fylgiskjali 1 með reglugerð um hollustuhætti en eru ekki á lista yfir staði sem ekki má fara á með gæludýr sbr. fylgiskjal 3 með reglugerðinni. Rekstaraðilar verslunarmiðstöðva í borginni hafa eftir því sem HER kemst næst ekki sóst eftir að leyfa gæludýr á stöðunum. Ef almenn sátt er meðal notenda/eigenda húsnæðis verslunarmiðstöðva geta þeir tekið ákvörðun um að heimila umferð gæludýra um húsnæðið. Skoða þarf í hverju tilviki hvort þurfi meirihluta húsfélags, samþykktir húsfélags/leigjendafélags og eigenda á hverjum stað. Þá gætu einstök fyrirtæki innan verslunarmiðstöðva þurt að setja umferð gæludýra skorður krefjast starfsemi þeirra eða starfsleyfi þess.

Þá er m.a. gæludýrahald og aðkoma Reykjavíkurborgar að því til endurskoðunar hjá stýrihópi og ekki gert ráð fyrir öðru en að samþykkt heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar um hundahald, kattahald og gæludýrahald almennt sem heilbrigðisnefnd fer með skv. lögum um hollustuhætti nr. 7/1998 og reglugerðum byggðum á lögnum verði yfirfarin og breytt eftir þörfum í kjölfarið. Það gæti einnig leitt til breytinga á gjaldskrá um hundahald í Reykjavík en skv. henni hefur borgarstjórn ákveðið að gjöldin eigi að standa undir rekstri hundaeftirlitsins.

Eins og staðan er núna er ekki svigrúm til að gjaldskráin standi líka undir bættri aðstöðu hundeigenda í borginni en hingað til hefur staðið undir þeim kostnaði enda sá aðili sem getur ákveðið hver og hvar slík aðstaða skuli vera. Í leiðbeinandi reglum um gerð gjaldskráa vegna heilbrigðiseftirlits frá umhverfis- og auðlindaráðuneytisins nr. 254/1999 er ekki gert ráð fyrir slíkum kostnaði inn í eftirlitsgjöld heilbrigðisnefnda. Samkvæmt þeim leiðbeiningum eru setta skorður við, hvað innheimta má með þessum þjónustugjöldum og aldrei má innheimta meira en nemur kostnaði við veitta þjónustu. Framkvæmdir í þágu hundaeigenda yrðu líklega ekki samþykktar sem hluti af þjónustu við hundaeigendur, heldur miklu fremur almennar framkvæmdir sveitarfélagsins. HER leggur til að starfshópnum verði send tillagan til skoðunar og eins ef eitthvað er sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið þarf að taka afstöðu til. HER/heilbrigðisnefnd Reykjavíkur ásamt öðrum heilbrigðiseftirlitum/heilbrigðisnefndum í landinu eru síðan umsagnaraðilar komi til breytinga á reglugerð um hollustuhætti.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur við tillögu áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um rýmri reglur fyrir gæludýr í strætisvögnum – R19110393 lögðum fram í borgarráði 28. nóvember 2019:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur verið jákvætt í afstöðu sinni til tilraunaverkefnisins um að leyfa hunda og ketti í Strætó og verið í samvinnu/samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og hagaðila vegna þessa ásamt hinum heilbrigðiseftirlitinum á höfuðborgarsvæðinu. Í kjölfar þessarar vinnu og tilraunaverkefnis, var reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 breytt sbr. reglugerð nr. 1265/2019 um varanlega heimild að ferðast um með hunda og ketti í Strætó og þau skilyrði sem gilda um slíkt.

Frekari breytingar eða tillögum þar um þarf að beina til ráðuneytisins s.s. að fella niður kröfur um aldurstakmark og tíma sem ferðast má með hunda og ketti í Strætó. HER og önnur heilbrigðiseftirlit/heilbrigðisnefndir ásamt Strætó og öðrum hagaðilum sem koma að málinu á höfuðborgarsvæðinu eru síðan umsagnaraðilar um slíkt.

Reykjavík 16. janúar 2020

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri